



Dagsetning
06.09.2013

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 umsögn.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar 26.02.13.

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að haldið sé opnum möguleika fyrir tengingu Ofanbyggðavegar/Vatnsendavegar í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, þar sem hann er mikilvægur til að létta á umferðarflæði um Reykjanesbraut gegnum Hafnarfjörð. Hafnarfjörður mun taka málið upp á vettvangi nýs svæðisskipulags fyrir Höfuðborgarsvæðið.

Enn fremur bendir Hafnarfjörður á mikilvægi greiðra og öruggra göngu- og hjólastíga sem tengi saman sveitarfélögin frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og fagnar þeirri áherslu að tryggja skuli góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
Tölvupóstfang: bjarki@hafnarfjordur.is